

**Nd. 103. Frumvarp til laga [68. mál]**  
 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.  
 (Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:  
 Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5.5% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

2. gr.

4. gr. orðist svo:  
 Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild .....	15.0%
b) Aflajöfnunardeild .....	20.0%
c) Áhafnadeild .....	21.0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	20.0%
b) Til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	3.0%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Til Fiskveiðasjóðs .....	18.0%
b) Til Fiskimálasjóðs .....	0.8%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	1.0%
5. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.6%
6. Til samtaka sjómanna .....	0.6%
	<b>Samtals 100.0%</b>

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli aflajöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar aflajöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur aflajöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

Hlutur samtaka sjómanna skv. 6. tl. þessarar greinar skiptist sem hér segir:

a) Sjómannasamband Íslands .....	42%
b) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands .....	40%
c) Alþýðusamband Austurlands .....	9%
d) Alþýðusamband Vestfjarða .....	9%

### 3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi: 5. gr. — Í þeim reglum um greiðslu hluta af váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í a) lið í 2. tl. 4. gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutað-eigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti til-teknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endur-greiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. a) lið í 2. tl. 4. gr. í stað greiðslu iðgjaldsstyrkja. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 4. gr., enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sbr. b) lið í 2. tl. 4. gr., skv. reglum, er sjávarútvegsráðherra setur.

### 4. gr.

Greinaröð laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. greinar.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávar-afurða, sem framleiddar eru eftir lok ársins 1979.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 5/1976 og þessara laga um skiptingu tekna af út-flutningsgjaldi skal heimilt að verja 100 m.kr. úr hinni almennu deild Aflatrygg-ingasjóðs og 100 m.kr. úr Tryggingasjóði fiskiskipa til þess að ljúka greiðslum verðupphóta á ufsa og karfa skv. lögum nr. 69/1979 og lögum nr. 88/1979 og verð-tilkynningum Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11 og 23 1979.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er þriðættur. Fyrst sá að auðvelda fiskvinnslunni að greiða ollugjald til fiskiskipa með því að lækka útflutningsgjald af sjávar-urðum úr 6% í 5.5%. Hér er því lagt til, að hluti af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur á undanförunum misserum. Í öðru lagi er tilgangurinn sá, að afla tekna til aflajöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, til þess að gera henni kleift að standa undir greiðslu verðupphóta á afla einstakra fisktegunda í því skyni að beina sókn frá einstökum fisktegundum til annarra, sem fremur eru taldar þola veiðar. Aflajöfnunarbætur þessar kæmu til skipta milli útvegsmanna og sjómanna eins og annað fiskverð. Í þriðja lagi er nú ætlað sérstaklega fé af út-flutningsgjaldi til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa til þess að létta mönnum það, að taka óhentug skip úr rekstri.

Um fyrsta atriðið má vísa til fordæmis, sem gefið var í lögum nr. 3 2. mars 1979. Þá var gripið til hliðstæðra aðgerða, þegar lögum um útflutningsgjald, nr. 5/1976, var breytt og gjaldhlutfallið lækkað um 6% í 5% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Sú ráðstöfun miðaði þó eingöngu að því að létta hag vinnslunnar vegna álagningar oliugjalds ofan á fiskverð. Hér er hins vegar um margþætta ráð-stöfun að ræða eins og áður sagði.

Um annað atriðið er það að segja, að samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um stofnun sérstakrar aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og vísast til athugasemda með því frumvarpi um það mál. Með því frumvarpi, sem hér er flutt, eru aflajöfnunardeildinni tryggðar varanlegar tekjur til útflutningsgjaldi, en auk

Þess er heimildarákvæði þess efnis, að sjóðsstjórn Aflatryggingasjóðs geti fært fé milli almennu deildar sjóðsins og aflajöfnunardeildar, ef þörf krefur. Auk þess er í frumvarpi þessu ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja fé til að ljúka greiðslu uppbóta á karfa og ufsa vegna ársins 1979. Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði stíðastliðið vor til þess að endurskoða lög um Aflatryggingasjóð, varð sammála um að mæla með flutningi frumvarps um aflajöfnunardeildina og um útflutningsgjaldið, að því er starfsemi Aflatryggingasjóðs varðar.

Með ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi til greiðslu úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sem er þriðji þáttur þessa frumvarps, er í reynd markaður fastur farvegur fyrir þá starfsemi, sem hófst með lögum nr. 95/1978. En þar var kveðið á um, að hluta af þeim gengismun, sem myndaðist við gengislækkun íslensku krónunnar í september 1978, skyldi ráðstafað til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa. Þessar ráðstafanir má telja merk nýmæli á sviði fiskveiðistjórnar. Auk þess sem hluta af útflutningsgjaldstekjum er ráðstafað til þessara þarfa, er í frumvarpinu ákvæði þess efnis, að heimilt sé að úthluta tekjuafgangi, sem verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja úr Tryggingasjóði fiskiskipa, til úreldingarstyrkja.

Þar sem fjárhagur Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa er um þessar mundir talinn traustur, er nú talið fært bæði að lækka útflutningsgjaldið svo og að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu í því skyni að afla aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs tekna til að standa undir greiðslu verðuppbóta á afla vannýtttra fisktegunda og ennfremur afla tekna til greiðslu úreldingarstyrkja. Í fylgiskjali 1 hér á eftir er birt yfirlit yfir lauslegar áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi á árinu 1980, miðað við núgildandi lög nr. 5/1976, lög nr. 3/1979 og breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, auk þess sem settar eru fram lauslegar hugmyndir um fjárbörf Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa á árinu 1980 miðað við verðlag og gengi í upphafi þessa árs.

Af þessum áætlunum má ráða, að bæði almenna deild Aflatryggingasjóðs og áhafnadeild hans svo og Tryggingasjóður fiskiskipa þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins, án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Ennfremur má benda á, að þessir sjóðir njóta annarra tekna en útflutningsgjaldsteknanna, svo sem tekna af eignum, auk þess sem almenna deildin fær mótframlag úr ríkissjóði.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### **Um 1. gr.**

Hér er lagt til að lækka útflutningsgjald af sjávarafurðum úr 6% í 5.5%. Þannig yrði í reynd hluta af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, varið til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur á undanfórnum misserum.

##### **Um 2. gr.**

Þessi grein fjallar um skiptingu tekna af útflutningsgjaldinu. Um þær fjárhæðir, sem flytjast á milli, vísast til fylgiskjals 1 hér á eftir. Hér verður hins vegar getið nærtækustu ástæðna helstu breytinga.

- a) Veigamesta breytingin er, að aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs fær nú hlut í útflutningsgjaldinu. Um forsendur þess vísast til almennu athugasemdanna hér að framan svo og til athugasemda með frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Hið sama gildir um lækkun á hlut almennu deildar Aflatryggingasjóðs.
- b) Önnur veigamikil breyting felst í tillögum um að verja hluta af útflutningsgjaldstekjunum til greiðslu úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa. Um nánari tilefni og aðdraganda þessara ráðstafana vísast til almennu athugasemdanna hér að framan.

- c) Hlutur sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða er nokkuð skertur með þessu frumvarpi og er það að tillögu samtaka sjómanna og útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja sameiginlega.

Í 2. mgr. þessarar greinar er ákvæði þess efnis, að stjórn Aflatryggingasjóðs sé heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli almennu deildar sjóðsins og verðjöfnunardeildarinnar, er nemi allt að fjórðungi hlutar aflajöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu. Með þessu er skapað svigrúm til þess að mæta óvæntum bótagreiðslum hvorrar deildar sem er.

Í 3. mgr. er kveðið á um skiptingu hlutar samtaka sjómanna í útflutningsgjaldinu milli Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða og Alþýðusambands Austurlands. Þessi skipting er í samræmi við tillögur, sem settar voru fram í álitni tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti í ársbyrjun 1976 (sbr. bls. 99 í skýrslu nefndarinnar: Sjóðir sjávarútvegs og hlutaskipti; útg. í janúar 1976). Er sú tillaga nú gerð, að þessi skipting verði lögfest. Tillagan er flutt að óskum fulltrúa sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja sameiginlega.

#### Um 3. gr.

Hér er tveimur nýjum greinum bætt aftan við 4. gr. 1. nr. 5/1976, þ. e. 5. og 6. gr. 5. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 5/1976.

6. gr. er hins vegar nýmæli, þar sem kveðið er á um, að heimilt sé að úthluta tekjuafgangi, er verða kynni eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja úr Tryggingasjóði fiskiskipa, til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa. Kæmi þessi fjárhæð til viðbótar við það, sem kveðið er á um í b) lið 2. tl. 4. gr. laganna eins og lagt er til, að hún verði skv. þessu frumvarpi.

#### Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

**Lauslegar áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af  
útflutningsgjaldi og fjárbörf á árinu 1980.<sup>1)</sup>**

Milljónir króna

	Skv. lögum nr. 5/1976	Skv. lögum nr. 3/1979	Hugmynd skv. frumdrögum dags. 14/1/80	Lauslegar hugmyndir um fjárbörf 1980
1. Til Aflatryggingasjóðs				
a) Almenn deild <sup>2)</sup> .....	3 234	2 389	2 021	1 800
b) Aflajöfnunardeild .....	—	—	2 695	2 500
c) Áhafnadeild .....	3 822	3 798	2 830	2 400
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur				
a) Til greiðslu á hluta af vá- tryggingarkostnaði fiskiskipa	3 969	3 063	2 695	2 500
b) Til úreldingarstyrkja til eig- enda fiskiskipa .....	—	—	404	—
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs				
a) Til Fiskveiðasjóðs .....	3 087	2 450	2 425	—
b) Til Fiskimálasjóðs .....	132	122	108	—
4. Til sjávarrannsóknna og Fram- leiðslueftirlits sjávarafurða skv. reglum, sem sjávarútvegsráðu- neytið setur .....	338	306	135	—
5. Til Landssambands íslenskra út- vegsmanna .....	59	61	81	—
6. Til samtaka sjómanna .....	59	61	81	—
Samtals	14 700	12 250	13 475	

1) Miðað er við verðlag í lok ársins 1979 og að gjaldstofn útfluttra sjávarafurða nemi 245 milljörðum króna. Hér eru einungis sýndar áætlanir um tekjur af útflutningsgjaldi en auk þess hafa sjóðirnir tekjur af eignum svo og fá Fiskveiðasjóður og almenna deild Aflatryggingasjóðs mótframlag úr ríkissjóði.

2) Við tekjur almennu deildarinnar af útflutningsgjaldi, sem hér eru sýndar, bætist mótframlag úr ríkissjóði, sem skv. núgildandi lögum nemur fjórðungi tekna hennar af útflutningsgjaldi, en skv. frv. um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi hækkaði mótframlagið í 40% útflutningsgjaldstekunna.